

Kennsluáætlun 2026-2027

5. - 7. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára Björk Sigurðardóttir



Markmið:

Að nemandi

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- geti átt góð samskipti, tekið þátt í rökræðum og tjáð eigin skoðanir og tilfinningar.
- geti fjallað um aðalatriði í texta, greint hann og gagnrýnt.
- geti lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þ.á.m. þjóðsögur, ljóð og bókmenntir fyrir börn og unglinga.
- geti lesið texta við hæfi á nákvæman hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta.
- geti valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og geti miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.
- þekki grunnhugtök í bókmenntafræði.
- skrifi skýrt og læsilega og nái tökum á tengiskrift.
- þekki helstu reglur stafsetningar, skrifi texta rétt eftir upplestri og geti nýtt sér helstu stafsetningarreglur.
- geti tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta og skrifi á fyrirhafnarlausna hátt.
- nái tökum á ýmsum málfræðipáttum, s.s. þrískiptingu orðanna og þekki helstu orðflokka og einkenni þeirra.
- þekki algeng orðasambönd, orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli.
- geti nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnagrunnum um mál.
- sinni heimalestri 5 sinnum í viku.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Kennslustund hefst á upprifjun fyrri tíma og við tekur svo innlögð á efni tímans. Nemendur vinna í stuttum vinnulotum, í kringum 25 mínútur í senn ásamt uppbroti í miðju tímans. Uppbrotið reynir á t.d. félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans ásamt fleiru.

Nemendur hafa sinn námsfélag og munu þeir af og til kljást saman við ýmsar spurningar sem hvetja til samræðna tengt efninu. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í þörum/hópum með skólafélögum.

Nemendur vinna einstaklingslega í vinnubókum en geta leitað eftir aðstoð sessunautar ef svo ber undir. Í verkefnum frá kennurum vinna nemendur oft í hópum og styðja hvert annað í náminu.

Nemendur þjálfa upplestur með því að lesa fyrir kennara/stuðningsfulltrúa/samnemanda í kennslustund einu sinni á viku eða eins oft og kostur gefst. Meðan á lestri standur fá nemendur leiðsögn frá kennara/stuðningsfulltrúa.

Námsmat:

- Leiðsagnarnám/-mat verður leiðarljós við allt námsmat.
- Nemendur meta sín verkefni ásamt kennurum og fá endurgjöf á vinnu sína.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt próf í málfræði og stafsetningu við lok annar.
- Orðarún – lesskilningspróf.
- Matsferill – lesfimi, lesskilningur.

Námsgögn:

- Góður – betri – bestur, skriftarbók
- Orðspor, lesbók og vinnubók
- Málrækt, vinnubækur um málfræði
- Smellur, lesskilningsbækur
- Námsvefir og ýmis gögn frá kennara
- Skáldsögurnar Benjamín dúfa, Blokkín á heimsenda og Púkablístran.
- Námsleikir og málfræðiæfingar á vef.
- Lesbækur af skólabókasafni og bókasöfnum sveitarfélagsins.